

## LÖG

um

12  
15. júní**breytingar á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í dönsku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett danskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

## 2. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í ensku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett enskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jón Magnússon.*

## LÖG

um

13  
15. júní**breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað „janúarmánuði“, og 1. mars í stað „1. febrúar“.